

Ed.

601. Nefndarálit

[79. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi um þetta mál og rætt það ýtarlega og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hún leggur fram á sérstöku þingskjali.

Nefndin vill leggja áherzlu á það, að hún er ekki með tillögum sínum að skapa reglu eða fordæmi um afgreiðslu laga um veitingu ríkisborgararéttar, en hún taldi eftir atvikum rétt að þessu sinni að hafa þessi lög allþröng, með því líka að allir nefndarmenn gátu verið sammála um þá menn, sem tilgreindir eru í breytingar-
tillögum nefndarinnar. Þess skal getið, að þeir menn, sem nefndin leggur til að bætt sé inn í upphaflega frumvarpið, eru allir, að einum undanteknum, fæddir af íslenzku foreldri.

Alþingi, 31. janúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, Lárus Jóhannesson, Páll Zóphóniasson.
form., frsm. fundaskr.

H. Guðmundsson. Brynjólfur Bjarnason.